

Námsmöppur í 9. bekk

Meginmarkmið:

- Að auka fjölbreytni námsmats á persónulegum grundvelli.
- Að auka ábyrgð nemenda á náminu og gera þeim ljósan tilgang námsmats (hver er staða mín? Hef ég náð markmiði mínu? Hver eru sóknarfærin? Hverjir eru styrkleikar/veikleikar mínir?)
- Að auka virkni nemenda.
- Að tengja námið við áhugasvið nemenda.
- Að styrkja getuminni nemendur.
- Að kennarar fái heildstæðari mynd af nemendum og námsstöðu þeirra.

Útfærsla:

Námsmappan inniheldur 5-6 kafla sem heita eftirfarandi og innihalda m.a. undirkaflana:

1. Hvað vil ég?

Markmið mín í námi

Hverjir eru mínir helstu styrkleikar sem nemandi?

Hvað í náminu reynist mér erfitt/erfiðast?

2. Hver er ég?

Ég og samskipti við skóla

Hvernig læri ég

Hver eru mín helstu persónueinkenni

3. Hvað kann ég?

Ígrundun, skráning og mat

4. Sýnishorn af vinnu og rökstuðningur.

Dæmi úr skólaverkefnum

Mat á samskiptum frá starfsmanni skóla

5. Uppáhaldið mitt.

Uppáhaldsnámsfag, besta kakan. Myndir af fjölskyldunni

Mat:

- Kennarar skrifa í leiðabók eftir hvern tíma þar sem unnið er með námsmöppur (u.þ.b. einu sinni í viku).
- Heimsókn Ingvars Sigurgeirssonar í bekkinn, matsfundur með nemendum og kennurum.